

**Ed.**

**341. Nefndarálit**

[139. mál]

um frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

I.

Fjárhagsnefnd ræddi stjórnarfrumvarp þetta á nokkrum fundum og leitaði skýringa á því hjá skattstjóranum í Reykjavík o. fl. Breytingar þær, sem frumvarpið felur í sér á gildandi lögum um tekju- og eignarskatt, eru allmargar og sumar svo óljóst orðaðar, að örðugt er að átta sig á innihaldi þeirra til hlítar. Greinargerðin, sem fylgir frumvarpinu, er ófullkomin. Skirskotað er um margt til reglugerðar, sem ráðherra eigi að setja. Hins vegar kom í ljós, að ekki er farið að vinna að því að semja þá reglugerð og þess vegna engar upplýsingar að fá um það, hvernig ákvæði hennar kunna að verða í veigamiklum atriðum. Verður því samkvæmt framansögðu að telja, að frumvarpið sé ekki vel búið Alþingi í hendur.

Samkomulag varð í fjárhagsnefnd um nokkrar breytingartillögur, sem nefndarmenn flytja á sérstöku þskj. sameiginlega við frumvarpið.

Annars klotnaði nefndin í meiri hluta og tvo minni hluta. Kemur þar til sögunnar stefnumunur hjá nefndarmönnum.

Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar standa saman og mynda meiri hlutann, en við hinir skilum sínu nefndarálitinu hvor.

II.

Ríkisstjórnin heldur því fram, að hún sé með frumvarpi þessu að lækka skatta á þjóðinni og þar með skapa skilyrði til hagsbóta hjá almenningi. Gróði félaga er nú skattlagður með 25%, en skattprósenta á samkv. frumvarpinu að lækka niður í 20% eða um fimm tung. Þetta kallar ríkisstjórnin að lækka skatta á þjóðinni. En virkileikinn er, að hún er hér að framkvæma þá stefnu sína að færa til skatta-

álögur, lækka að vísu skatt á framtöldum og raunhæfum gróða, en það verður hjá henni til að hækka neyrlutolla og óbeina skatta, af því að í hennar höndum kostar rekstur ríkisins alltaf meira og meira.

Fjárlög ríkisins bera um þetta glöggt vitni. Skv. fjárlögum fyrir 1958 voru skattar — beinir og óbeinir — og tollar áætlaðir 623 millj. kr., en skv. fjárlögum 1962 1431 millj. kr.

Þessar álögur hafa þannig á samstjórnartímabili núverandi stjórnarflokka talsvert meira en tvöfaldast. Aftur á móti hefur tekju- og eignarskattur, sem þarna er með talinn, lækkað út af fyrir sig um 23 millj. kr. á sama tíma, og er heildar-áætlun hans aðeins 95 millj. kr. nú.

Þessi tilfærsla á sköttum er vitanlega almenningi til óhags, en ríkum til hagsbóta. Þótt óbeinu sköttunum sé smeygt inn í verðlag vöru og viðskipta, svo að menn greina þá ekki hverju sinni, um leið og borgað er, eru þeir tekjulitlu fólki þungir á herðum, þegar þeim er beitt eins harkalega og nú.

Sjálfsagt er rétt, að heppilegra sé að hafa bæði beina skatta og óbeina en aðra hvora. Nýtur hvor aðferðin betur kosta, ef ekki er hátt spennt.

### III.

Á fimmta tug þessarar aldar fóru fulltrúar Sjálfstæðisflokksins aðallega með fjármálaráðherrastörfin í ríkisstjórn Íslands. Þá stigu beinir skattar mjög hátt. Á árunum 1950—1958 voru miklar lagfæringar í þessum efnunum gerðar og skattarnir lækkaðir. Þau ár var Eysteinn Jónsson fjármálaráðherra. Skulu hér staðreyndir nefndar:

Árið 1950 voru sett lög um lækkingu skatta á lágtekjum.

Árið 1954 var sparifé gert skattfrjálst og skattar annarra en félaga auk þess lækkaðir um 29%. Þá voru fiskimönnum veitt ný frádráttarhlunnindi. Enn fremur giftum konum, sem leggja í kostnað vegna vinnu utan heimila sinna.

Árið 1956 var tekjuskattsviðauki félaga felldur niður.

Árið 1957 var enn lækkaður skattur á lágtekjum og aukinn skattfrádráttur fiskimanna.

Árið 1958 var sett löggjöf um skattgreiðslur félaga. Stighækkun á tekjuskatti þeirra afnumin. Lögfest jöfn skattprósenta (25%) af skattskyldum tekjum þeirra.

Það ár var einnig sett sanngjörn löggjöf um skattamál hjóna, þegar bæði vinna fyrir skattskyldum tekjum, — og var sú löggjöf til lækunar.

Á tveim til þrem síðustu árum hefur ríkjandi stjórnarstefna fært óbeina skatta háskalega í aukana. Eins og ástætt er, þýðir lækkingu tekjuskatts á félögum aðeins færslu milli skattforma og um leið milli skattgreiðenda. Ég tel þá tilfærslu ekki heppilega.

Tekjuskattur félaga hefur ekki verið hærri en 25% af skattskyldum tekjum síðan 1958, svo sem áður segir.

Til samanburðar má nefna tekjuskatt félaga í nágrannalöndum okkar.

Í Noregi er skatturinn .....	30%
Í Danmörku er skatturinn .....	44% (hálfur frádráttarbær)
Í Svíþjóð er skatturinn .....	44% (útsvar frádráttarbært)
Í Bretlandi er skatturinn .....	38.75%

Ég lít svo á, að eftir atvikum sé ekki ástæða til að lækka skattprósenta, og legg þess vegna til, að hún verði óbreytt áfram. Flyt tillögu um það á þingskjali 342.

Aftur á móti fellst ég á hækkaða heimild um skattfrjálst varasjóðstillag félaga frá því, sem nú er, og rýmri ákvæði um heimildir til fyrningarafskrifta en nú gilda, af því að ég tel svo mikilsvert, að félögin þoli áföll og geti örugglega byggt sig upp og endurnýjað tæki sín.

### IV.

Samkvæmt gildandi lögum hafa venjuleg félög heimild til að leggja allt að  $\frac{1}{5}$  hluta af hreinum tekjum sínum skattfrjálsan í varasjóð sinn, og sömuleiðis mega leggja

í varasjóð sinn  $\frac{1}{3}$  hluta skattfrjálsan af hreinum tekjum sínum „þau félög, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, og félög, sem samkv. lögum geta ekki úthlutað varasjóði sínum við félagsslit“, en það eru samvinnufélögin í landinu.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar ætlast til, að lögunum verði breytt þannig, að öllum félögum verði heimilt að fá undanþegna frá skatti upphæð, er nemi allt að  $\frac{1}{4}$  hluta hreinna tekna, sé hún lögð í varasjóð.

Á með þessum nýju ákvæðum að auka varasjóðshlunnindi venjulegra félaga, en minnka varasjóðshlunnindi félaga, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, og samvinnufélaga.

„Glögg er, hvað þeir vilja.“

Sjávarútvegur er svo áhættusamur atvinnuvegur, að þótt hefur hlýða að heimila þeim félögum, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, að leggja  $\frac{1}{3}$  hreinna tekna sinna í varasjóð án skattlagningar.

Nú segir í greinargerð frumvarpsins, að þetta sé óþarft, félögin séu orðin svo vel sett. Togaraútgerðin er þó ekki nefnd.

Samvinnufélög hafa notið sama réttar, af því að þau standa almenningi opin til inngöngu og safna fé í varasjóði, sem ekki eru skiptilegir við félagsslit, heldur falla til héraðsins. Varasjóðir annarra fyrirtækja skiptast og dreifast og flytjast af staðnum, ef eigendur flytjast þaðan. En varasjóður kaupfélags er staðbundinn og eykur þess vegna staðfestur í þjóðfélaginu og tryggir þar með jafnvægi byggðanna. Um leið og hann er tryggingarfé fyrir starfseminu, er hann gjafafé til framtíðarinnar án tímatakmarkunar. Þjóðfélagið hefur að undanfögnu tekið tillit til þessa og er skylt að gera það áfram. Annað væri ranglæti. Eðlismunur varasjóðanna krefst munar í skattlagningu, ef nokkurs réttlætis er gætt.

Ég flyt tillögu á þskj. 342 um, að óbreytt verði heimildin, sem nú gildir, um varasjóðstillögu félaga, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, og félaga, sem samkv. lögum geta ekki úthlutað varasjóði sínum við félagsslit. Læt aftur á móti afskiptalaust, að skv. frumvarpinu hækki varasjóðshlunnindi annarra félaga um 25% og þannig minnki bilið milli félagaflokkanna, ef það gæti orðið til samkomulags.

## V.

Gera á samkvæmt frumvarpinu byltingu á tilhögun skattverka.

Skattanefndir í sveitarfélögum, svo og yfirskattanefndir, á að leggja niður, en hafa þess í stað 8 skattumdæmi — þ. e. eitt í hverju kjördæmi. Skattstjóri og varaskattstjóri skulu vera í hverju umdæmi og umboðsmaður í hverju sveitarfélagi, þar sem skattstjóri er ekki búsettur. Skipa skal ríkisskattstjóra og vararíkisskattstjóra. Skrifstofur og nauðsynlegt starfslið hafi að sjálfsögðu skattstjórnir.

Í greinargerð frumvarpsins er skírskotað til þess, að „samkvæmt fjárlögum 1960 hafi kostnaður við undirskattanefndir, yfirskattanefndir og skattstofur utan Reykjavíkur verið áætlaðar rúmlega 3 millj. króna“ og fari ekki hjá því, að með hinu nýja skipulagi verði hér „um talsverðan sparnað að ræða“.

Mér finnst þetta mjög hæpin fullyrðing. Hitt er sennilegra, að hér sé verið að sá til embættafjölgunar og skrifstofubákna. Hins vegar hefur reynslan sýnt, að ekki liggur mikill kostnaðarvöxtur í skipulaginu, eins og það er. Á það ber að líta, að nú er með skattverkunum, sem hér um ræðir, unnið meira verk fyrir sveitarfélögin en ríkið sjálft. Niðurfjöfnun útsvaranna er byggð á skattframtölunum. Útsvörin í öllu landinu munu vera 5—6 sinnum hærra en heildarfúlgan, sem ríkissjóður fær í tekju- og eignarskatt. Sveitarfélögunum eru því skattverkin enn þá þýðingarmeiri en ríkissjóðnum.

Í hinu fyrirhugaða nýja skipulagi skattverkanna er miklum meiri hluta sveitarfélaganna gert stórlega torvaldara að hagnýta eins vel og nú skattframtölin við útsvarsálagningu. Sjálf skattlagningin verður einnig meira af ókunnugleika gerð.

Enn fremur er hér um að ræða samdrátt skattaákvörðunarvalds. Flutning þess

valds úr dreifðum byggðum umdæmanna á þéttbýlasta staðinn. Lengd leið strjálbýlis-  
mannanna til keisara skattamála.

Einhverja kosti getur skattverkabreyting þessi haft í för með sér, — svo er um  
flestar breytingar, sem mönnum detta í hug. En enga breytingu á að gera, nema  
kostir fylgi henni meiri en gallar.

Ég tel, að málefni þetta eigi að hugsa lengur og rækilegar en gert hefur verið  
— og fresta á meðan gjörbreytingum. Legg þess vegna til á þskj. 342, að felld séu  
niður úr frumvarpinu öll fyrirmæli um skattverkabreytinguna.

#### VI.

Hér að framan hef ég lýst þeim tillögum, sem ég flyt út af fyrir mig við frum-  
varpið. Afstaða mín til frumvarpsins í heild fer eftir því, hvort breytingartillögur  
mínar verða samþykktar eða ekki.

Alþingi, 5. marz 1962.

Karl Kristjánsson.